



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2022

2202003SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra sóttvarnalaga, S-26/2022.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til nýrra sóttvarnalaga, mál nr. S26/2022.

Um ný heildarlög er að ræða en breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu varða einna helst stjórnslu sóttvarna og opinberar sóttvarnaráðstafanir vegna þeirrar reynslu sem fengist hefur hér á landi vegna Covid-19. Meðal annars er lagt til að sóttvarnalæknir verði skipaður af ráðherra og heyri beint undir hann og að stofnuð verði sérstök farsóttanefnd. Þá er eftirlit og aðkoma Alþingis að opinberum sóttvarnaráðstöfunum styrkt.

Afstaða sambandsins

Sambandið gerir ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði laganna og telur skynsamlegt að nýta reynslu undanfarinna ára til að bæta lagaumhverfi sóttvarna. Hins vegar vill sambandið vekja athygli á eftirfarandi:

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er sóttvarnalækni heimilt að fela tilteknum aðilum að rekja smit þegar farsótt geisar í landinu. Sambærilega heimild er að finna í 2. mgr. 5. gr. núgildandi sóttvarnalaga nr. 19/1997. Á grundvelli þessarar heimildar fengu skólastjórnendur afar umfangsmikið hlutverk við smitrakningu í skólum landsins. Eðli málsins samkvæmt reyndi mismikið á skólastjórnendur við smitrakningu en í stórum skólum, með mörg hundruð nemendur, eða í skólum þar sem ítrekað komu upp smit, reyndi mikið á skólastjórnendur sem unnu í mörgum tilvikum endurtekið við smitrakningu langt fram á kvöld og jafnvel nætur, sem og um helgar. Skapaðist af þessu mikið álag á lykilstarfsmenn.

Samkvæmt 39. gr. frumvarpsins skal kostnaður sem hlýst af framkvæmd laganna greiðast úr ríkissjóði. Sambærilegt ákvæði er að finna í 17. gr. núgildandi sóttvarnalaga. Ekki er hins vegar skýrt nánar hvað átt er við með „kostnaði sem hlýst af framkvæmd laganna“. Með vísan til framangreindrar vinnu skólastjórnenda, og eftir atvikum annars starfsfólks skóla við smitrakningu, hafa komið fram kröfur um að sveitarfélög greiði álagsgreiðslur fyrir þá vinnu í leik- og grunnskólum. Við þá kröfu vakna ýmsar spurningar hjá sveitarfélögum:


- Í fyrsta lagi hvort að sú vinna sem skólastjórnendur inntu af hendi sé í raun unnin fyrir þeirra aðal vinnuveitanda, þ.e. sveitarfélögin, eða hvort hún er unnin fyrir sóttvarnaryfirvöld og því ættu kröfur um greiðslur að beinast að ríkinu?

- Í öðru lagi má velta því upp hvaða, ef einhverja, tengingu umrætt ákvæði sóttvarnalaga hefur við ákvæði 19. gr. almannavarnarlaga nr. 82/2008, um almenna borgaralega skyldu, og/eða ákvæði II til bráðabirgða við almannavarnarlög um borgaralega skyldu opinberra starfsmanna?
- Eða eiga sveitarfélögin einfaldlega endurkröfurétt á ríkið vegna þess kostnaðar sem til fellur vegna smitrakningar skólastjórnenda, sem er tilkomin vegna beiðni sóttvarnaryfirvalda um liðsinni, í ljósi núgildandi 17. gr.?

Ljóst er því að skýra þarf fyrrgreint ákvæði um greiðslu kostnaðar betur, hvort sem það er gert í frumvarpstextanum sjálfum, í greinargerð með ákvæðinu eða með setningu reglugerðar. Það er ekki nóg að gera breytingar á stjórnsýslu sóttvarna í ljósi reynslunnar heldur verður líka að læra af því hvar gráu svæðin hafa myndast varðandi kostnað.

Með vísan til alls framangreinds óskar sambandið eftir fundi með ráðuneytinu til að fara betur yfir þessi atriði.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri